



## Fundur háskólaráðs 2. desember 2004

### Fundargerð

Málsnúmer: HI04010018  
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,  
dagskrár og framlögð gögn  
Eigandi skjals: Kolbrún Einarsdóttir  
Staða: Lokið

### Dagsetningar:

Búið til: 29.11.2004  
Dags: 02.12.2004

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)  
101 REYKJAVÍK  
Sími: 525 4000; 525 4300  
Fax: 552 1331

---

16/2004

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2004, fimmtudaginn 2. desember var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Mætt voru: Páll Skúlason, Eiríkur Tómasson, Matthías Imsland, Inga Jóna Þórðardóttir, Rögnvaldur Ólafsson, Vilhjálmur Árnason, Jón Ó. Skarphéðinsson, Jóhannes R. Sveinsson, Bryndís Harðardóttir og Anna Pála Sverrisdóttir.

Áður en gengið var til dagskrár bar rektor upp tillögu um að fundinum yrði slitið kl. 14 og af þeim sökum aðeins tekinn fyrir dagskrárliður 3.1, en öðrum liðum frestað til næsta fundar 9. desember nk.

- Samþykkt einróma.

### 1. Mál til fróðleiks

1.1 Dagskrá málþings rektors KHÍ um stjórnun háskóla 8. desember kl. 13-17.

1.2 Dagskrá málfundar FP og FH um háskólastigið og stöðu H.Í. 9. desember kl. 13.10 – 15.55.

1.3 Vísinda- og menntastefna Háskóla Íslands, ný prentuð útgáfa.

1.4 Endurskoðuð starfsmannastefna Háskóla Íslands, samþykkt á 15. háskólafundi 12. nóvember 2004.

1.5 Vísindagarðar H.Í. Staða mála.

1.6 Háskólatorg. Staða mála.

1.7 Umsóknir nýnema um nám á vormisseri 2005, verklag.

### 2. Erindi til háskólaráðs. Frestað.

2.1 Nám í geislafræði og lífeindafræði í læknadeild.

2.2 Tillaga frá raunvísindadeild um veitingu heiðursdoktorsnafnbótar, sbr. bréf deildarforseta, dags. 10. nóvember sl.

2.3 Tillaga raunvísindadeildar að breytingu á 118. gr. reglna H.Í. nr. 458/2000, dags. 25. nóvember 2004.

2.4 Tilnefning nýs fulltrúa og varafulltrúa Háskólans í stjórn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, sbr. bréf menntamálaráðuneytis, dags. 23. nóvember sl.

2.5 Kjör stjórnar Háskólaútgáfu. Framlögð greinargerð fráfarandi stjórnar ásamt Handbók útgáfunnar og lista yfir útgefna bækur 2003 og 2004.

2.6 Kjör stjórnar styrktarsjóða Háskólans.

2.7 Málefni Sáttmálasjóðs.

### 3. Mál á auglýstri dagskrá

3.1. Fjármál Háskólans. Tíu mánaða uppgjör, fjárhagsáætlanir fyrir árið 2005 og skipting fjárveitinga. Fram lagt undir þessum lið bréf stjórna Félags prófessora og Félags háskólakennara, dags. 19. nóvember 2004, um eflingu Rannsóknasjóðs Háskólans. Einnig lögð fram ályktun deildarráðs raunvísindadeildar, dags. 10. nóvember 2004.

Inn á fundinn kom Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar, og gerði grein fyrir framlögðum gögnum um tíu mánaða uppgjör ársins 2004, fjárhagsáætlanir fyrir árið 2005 og skiptingu fjárveitinga. Lagði Ingjaldur ennfremur fram svohljóðandi minnisblað fjármálanefndar um fjárhagsáætlun Háskólans fyrir árið 2005: „Mjög erfitt verður að gera fjárhagsáætlun fyrir árið 2005 án verulegs halla. Þær áætlanir sem nefndin hefur nú þegar fengið benda til að áætlaður halli á árinu 2005 verði um 100 m.kr. Með áframhaldandi aðhaldsaðgerðum – og þá sérstaklega með því að ráða ekki í neinar stöður, hvorki þær sem losna né þær nýju sem þörf er á – kann að vera unnt að ná jagnvægi í rekstri Háskólans á árinu 2005.

Fjármálanefnd telur að ræða verði aðra valkosti. Má þar nefna verulegar skipulagsbreytingar í Háskólanum (sameiningu deilda, fækkun námsbrauta o.s.frv.), fjöldatakmörkanir og átak í öflun sértekna vegna reglulegrar starfsemi.“

Að lokinni framsögu Ingjalds tók rektor til máls og greindi frá því að bráðlega væri von á niðurstöðum stjórnsýslu- og fjárhagsúttektar Ríkisendurskoðunar á Háskólanum. Á nýlegum fundi hans með menntamálaráðherra hefðu þau sammælt um að skipa í kjölfarið starfshóp sem hefði það hlutverk að gera tillögur um framtíðarfjármögnun Háskólans til næstu ára.

Málið var rætt ítarlega og verður það áfram á dagskrá háskólaráðs á næsta fundi.

3.2. Tillögur að breytingum á sameiginlegum reglum Háskólans nr. 458/2000 og tillögur að samþykktum, skv. 2. mgr. 9. gr. laga um H.Í. nr. 41/1999, sbr. síðasta fund.

a) Tillaga Lagastofnunar H.Í. að breytingu á 4. tölulið 27. gr. sameiginlegra reglna Háskólans nr. 458/2000 um þjónusturannsóknir á vegum rannsóknastofnana deilda.

Minnisblað akademískrar stjórnsýslu lagt fram, sbr. umræður á síðasta fundi.

b) Samþykkt Lagastofnunar H.Í. um þjónusturannsóknir, sbr. síðasta fund.

3.3. Málefni Sjávarútvegsstofnunar og Umhverfisstofnunar, sbr. síðasta fund.

### 4. Önnur mál

Fleira var ekki gert.  
Fundi slitið kl. 14.00